

**Nd.**

**434. Frumvarp til laga**

um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum.

Flm.: Ólafur Thors, Jón Ólafsson, Jóhann Jósefsson, Sigurður Kristjánsson,  
Pétur Ottesen, Garðar Þorsteinsson, Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Frá 1. jan. 1936 skal niður falla útflutningsgjald af hverskonar íslenskum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem ræðir um í 2. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Það er nú orðið almennt viðurkennt, að hagur sjávarútvegsins stendur svo höllum fæti, að til vandræða horfir, og hitt er jafnkunnugt, að ríkið skattleggur eigi aðeins allar notaþarfir útvegsins, heldur hefir og verið lagt útflutningsgjald á framleiðsluvörur hans, og mun slíkur skattur vera óþekktur með nágrannaþjóðum vorum.

Ekki þykir þurfa að leiða rök að því, að útveginum sé brýn nauðsyn á þessum skattlétti, og þar eð útflutningsgjaldinu hefir nú verið létt af afurðum landbúnaðarins, þykir sjálfsögð sanngirniskrafa, að útvegurinn verði slíks hins sama aðnjótandi.

Fái frumvarp þetta fylgi á þinginu, mun verða tekið til athugunar, hvort ekki þyki fært að aflétta einnig útflutningsgjaldi samkvæmt 2. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935, sem öll sanngirni mælir með, að gert verði.

Nánar í framsögu.